

Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Ísafirði 12. apríl 2023 leggur til að á haustþingi verði rædd málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða með það að markmiði að efla starfsemi eftirlitsins til að gera því kleift að sinna öllum þeim skyldum sem á eftirlitinu hvíla.

Þá er sérstaklega horft til umhverfiseftirliti og hreinsunar lóða og lenda til að unnt sé að fylgja eftir að fjarlægja númerslaugar bifreiðar, brotajárnshauga og annað sem safnast hefur upp á nokkrum stöðum á Vestfjörðum. Stjórnsýslan í kringum ferilinn að fjarlægja númerslaugar bifreiðar er orðin viðamikil og flókin og telur Heilbrigðisnefnd Vestfjarða nauðsynlegt að bæta við starfsmanni hjá eftirlitinu til að annast þennan málaflokk svo sómi sé að. Slík ráðning kallar á aukið fjármagn frá sveitarfélögunum og því nauðsynlegt að ræða málefni Heilbrigðiseftirlitsins á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Á haustþingi Fjórðungssambandsins stefnir Heilbrigðiseftirlitið á að leggja fram ítarlegar upplýsingar um starfsemi sína og þau verkefni sem undir eftirlitið falla þannig að sveitarstjórnarmenn geti kynnt sér málefni eftirlitsins sem best.

Fyrir hönd Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis

Anton Helgason, framkvæmdastjóri

Lilja Magnúsdóttir, nefndarmaður í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis